

# alþýðu

# blaðið

MIDVIKUDAGUR 24. JANÚ 1973 — 54. ARG. — 19. TBL.

# HÖFNIN ER LÍF- ANKERID

## FRAMTÍÐ HAFNAR- INNAR VELTUR Á ÞVÍ HVORT HRAUNIÐ LOKAR HENNI EÐA EKKI

Þegar giftusamleg björgun Vestmannaeyinga til meginlandsins var orðin staðreynd, fóru áhyggjur manna að beinast að framtíð Vestmannaeyja, sem verstöðvar, en eins og hvert mannsbarn veit eru Vestmannaeyjar stærsta verstöð landsins.

Langvarandi eldsambrot á eyjunum geta orsakað það, að öll framleiðsla þessa afkastamikla byggðarlags getur lagzt niður um ófyrirsjáanlega framtíð. Yrði slíkt ekki aðeins stórfellt efnahagslegt tjón fyrir Vestmannaeyinga sjálfa, heldur fyrir alla þjóðina. Veltur framtíð byggðar í Vestmannaeyjum mikið á því, hvort hraun nær að mynda garð framan við höfnina þar, og loka henni alveg. Slíkt yrði kannski dauðadómurinn, því um önnur hafnarstæði er ekki að ræða.

„Þetta alvarlega ástand hefur að sjálfsgöð verið rétt innan sjávarútvegsins í dag, og ég veit að sjávarútvegsráðherra er með ýmislegt í bigerð. Við vonum auðvitað allir heilshugar að ekki þurfi þarna á einu bretti að afskrifa 5000 manna fiskibæ“, sagði Már Elíasson fiski-  
málastjóri í stuttu viðtali við blaðið í gær.

Ríkisstjórnin ræddi þetta mál á fundi sínum í gær og tók þá ákvörðun að skipa fimm manna nefnd til að rannsaka hvaða

afleiðingar eldgosíð getur haft á efnahagslega afkomu þjóðarinnar, og hvaða ráða megi gripa til.

„Það þarf ekki að fjölyrða um það, hverjum stöðum er kiptt undan efnahagsgrundvelli þjóðarbúsins, ef Vestmannaeyjar og atvinnulíf þar leggst í auðn. Er vandséð nú, með hverjum ráðum úr yrði bætt. Til þess aðeins að gera sér í hugar-  
lund, hve hér er um stórvægi-  
legan atburð að ræða, má t.d. nefna það, að flutningur fimm þúsund Vestmannaeyinga til meginlandsins mundi samsvara því að fimm milljónir Bandaríkjamanna þyrfti að flytja til með hlíðstæðum hætti“. Þannig mælti forsætisráðherra Ólafur Jóhannesson í ávarpi til þjóðarinnar í gærkvöldi.

Til að sýna mikilvægi Vestmannaeyja sem verstöðvar má nefna að árið 1971 var þar landað 17% alls þess afla sem landað var innanlands það árið. Verðmæti hinna fimm stóru frystihúsa í Vestmannaeyjum hefur árlaga numið milljörðum króna. Þá hefur þar verið mikilvægasta verstöð fyrir lönuskip. Var áætlað að 25–30% alls lönuafla komandi vertíðar yrði landað í Vestmannaeyjum, og flestum er kunnugt hverjar vonir voru bundnar við komandi lönvertíð.

„Komandi vertíð er okkur glötuð jafnt á löbnu sem þorski“ sagði skipstjóri einn við gláðamann Alþýðublaðsins í gær. Víst er að fleiri skipstjórnarmenn í Eyjum eru á sama máli, því ef eldsambrotum linnir ekki fljótleiga verður erfiðt að koma hinum stóra flota Vestmannaeyinga, fyrir í öðrum verstöðvum. Og tákist það, verður tjónið samt stórfellt.

Af þessu má sjá, að náttúru-  
öflin hafa enn aukid á óvissuna um framtíð íslenzks efnahagslífs. Voru vandræðin vist næg fyrir.



## Kæla hraunið með vatni — bægjja flóðinu frá byggð

Alþýðublaðið sneri sér til Þorleifs Einarssonar, jarðfræðings, í gær og spurði hann um eldgosíð á Heimaey.

Sagði hann, að nú væru staddir í Vestmannaeyjum prófessorarnir Trausti Einarsson og Þorbjörn Sigurgeirsson, og Leó Kristjánsson jarðeðlisfræðingur. Erindi þeirra væri meðal annars að kanna aðstæður til að kæla hraunið niður, með því að dæla á það köldum sjó, ef rennsli þess tæki þá stefnu, sem

ógnaði byggðinni í Eyjum. Reynslan hefur sýnt, að glóandi hraun er „hrætt“ við vatn. Við nálægð eða snertingu við kulda vatnsins, kólnar jadarinn og stífnar. Myndast þannig fyrir staða fyrir lappunnt rennslið, sem leitar framrásar þangað, sem fyrirstaða er engin eða á m.k. minni. Ef gósvirkinn dregur sig inn að miðju sprungunnar, eins og reynslan af sprungugosum bendir til, myndi hraunið í þessu gosi renna til

austurs og valda litlu tjóni. Ef svo fer hins vegar, að rennslið leitabi til vesturs, er hætt á ferðum. Þá kæmi til greina að reyna kælingu með sjó, til að hefta það eða breyta stefnu þess. Mætti helzt hugsa sér að nota kraftmiklar dælur. Virðist vera fræðilegur möguleiki á þessari tilraun, hvernig sem hún kann að gefast.

Í dag er áformað að fara með jarðskjálftamæla út í Eyjar.



# Buðu milljónir í tilvonandi mynd

Fréttin um eldgosíð í Vestmannaeyjum var ekki lengi að þjóta eftir öldum ljósvakans út um allan heim — og heimspressan tók heldur en ekki kipp. Þess voru jafnvel dæmi, að erlendir fréttastofur í öðrum heimsálfum vektu upp Íslenska fréttamenn af vörum blundi og segðu þeim frá tóbundunum. Þannig gerðist það, að skömmu eftir, að gosíð hófst var hringt frá sjónvarpsstöð einni til sjónvarpsmanna, þeim sögð tóðindin. Um leið var spurt, hvort það væri rétt, að Ósvaldur Knudsen væri þúinn að fljúga yfir gosstöðvarnar og taka kvikmynd. Ef svo væri vildi fréttastofan borga milljónir króna fyrir hana.

Það var líka fréttamaður erlendir sjónvarpsstöðvar, sem flutti einum blaðamanni Alþýðublaðsins fréttina eftir upphringingu frá New York stundarkorni áður en honum barst fréttin eftir innlendum heimildum.

Fjarriti blaðsins var að sjálfsgöngu í gangi, og um svipað leyti og blaðamenn og ljósmyndarar tóku að tínast á ristjórna flutti hann þeim fréttina.

## SÉÐ FYRIR LAUSAFÉ

Í dag verða líklega sett upp tvö bankaútibú fyrir Vestmannaeyinga, nýkomna til Reykjavíkur. Er um að ræða útibú frá Sparisjóði Vestmannaeyja og Útvegsbankanum í Vestmannaeyjum.

Í útibúum þessum verður Eyjamönnum veitt margvísleg fyrirgreiðsla, m. a. í sambandi við peningalán, en margir Eyjamenn komu auralitir til meginlandsins.

# LANDHELGISBRJÓTAR NOT-FÆRÐU SÉR NEYÐARÁSTAND

## „EINSTÆÐUR ATBURÐUR Í ÍSLANDS-SÖGUNNI“

„Það þarf ekki að fjölyrða um það, hverjum stöðum er kipp undan efnahagsgrundvelli þjóðarþúsins, ef Vestmannaeyjar og atvinnulíf þar leggst í auðn. Er vandséð nú, með hverjum ráð- um úr yrði bætt.“

Þannig komst Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra m. a. að orði í ávarpi vegna hinna válegu tíðinda frá Vestmannaeyjum í sjónvarpi og útvarpi í gærkvöldi.

Benti forsætisráðherra á, að flutningur 5.000 Vestmannaeyinga til meginlandsins samsvaraði því, að 5 milljónir Bandaríkjamanna þyrfti að flytja til með hlífðastöðum hætti.

Ólafur Jóhannesson sagði m. a. í ávarpi sínu: „Það er áreiðanlega ekki ófællt, að ill þjóðin sé harmi og skelfingur löstin vegna hinna óskaplegu náttúruhamfara í Vestmannaeyjum síðastliðna nótt. Mun sá válegi atburður einstæður í Íslandssögunni, allt frá byggð hófst í landinu.“

Einhver blómlegasta byggð hérlandis, verstöðin mikla Vestmannaeyjar, hefur um sinn að kalla lagzt í eyði sakir eldgosis í Heimaey, fólk flest flutt burt úr áttögum sínum á einu dagri.“ Forsætisráðherra benti á, að

Vestmannaeyjar hafa verið stærsta og öflugasta verstöð landsins. Þar muni t. d. árið 1971 hafa verið landað 17% af öllum þeim afla, sem landað var inn- anlands. Þar hafi nú verið gert ráð fyrir aðstöðu til móttöku 25%-30% af væntanlegum löðnu- afla, sem svo miklar vonir hafi verið bundnar við.

Forsætisráðherra þakkaði í ávarpi sínu öllum þeim mörgu, sem lagt hafa fram lið sitt til að- stöðar Vestmannaeyingum, og sérstakar þakkir flutti hann Vestmannaeyingum sjálfum fyrir æðrúleysi þeirra.

„Við vonum auðvitað öll“, sagði forsætisráðherra, „að þessum skelfilegu náttúru hamförum linni sem fyrst og þær hvorki eyðileggi byggðina né höfnina í Vestmannaeyjum. En hvað sem um það er, þá er ljóst, að gera verður allar ráð- stafanir, sem unnt er, til að tryggja stöðu Vestmannaeyinga og bæta þeim tjón þeirra. Það er skylda samfélagsins.“

Í niðurlagi ávarpsins þakkaði forsætisráðherra þær kveðjur og framboðna aðstöð, sem bor- izt hefur frá öðrum þjóðum. „Við metum þann góða hug, sem í þeim felst“, sagði Ólafur Jóhannesson. —

## „Hafði áhrif á vinsamlega sambúð USA og Evrópu“

Þjóðhöfðingjar úr öllum heims- hlutum létu í ljós virðingu sína á Lyndon B. Johnson, fyrrum Bandaríkjaforseta, sem lézt af hjartaslagi á manudagskvöld, 64 ára að aldri.

Nixon Bandaríkjaforseti sagði m. a., að Johnson hafi gert drauma Bandaríkjamanna að veruleika í sínu eigin lífi. Hann

sagði einnig, að Johnson hafi trú- að á Bandaríkin og gert sér ljóst, hvaða þýðingu þau hafa fyrir landsmenn og heiminn allan.

Ngyuen Van Thieu, forseti Suður-Vietnam sagði í símskeyti, að Johnsons verði um alla framtíð minnt í Vietnam sem mikilhæfs stjórnaða, sem óhræddur hafi ráðizt í að snúa

þróun mála í Vietnam við, frels- inu í hag á hinum erfiðu tímum sjötta áratugsins.

Willy Brandt, kanlari Vestur- byzkalands, hyllti Johnson sér- staklega sem framvörð man- réttinda, og stjórnmálamann, sem hafi haft úrslita áhrif á vin- samlega sambúð Evrópu og Bandaríkjana.

Aðalritari Atlanshafsbanda- lagsins, Joseph Luns, sagði að Johnsons verði minnt fyrir ákveðna stjórn á landi sínu og fyrir að styrkja stöðu Norður- Atlanshafsveldanna.

Lát Johnsons var lítillaga minnt í Moskvúttvarpinu, en þar var sagt, að Johnson hafi teygst arma sína yfir hálfan hnött- inn með milljónir hermanna í greip sinni, sem hann lét þjarma að vietnómsku þjóðinni.

## Konulaus bær í fyrsta sinn

Nú eru Vestmannaeyjar algerlega konulaus bær, að því er lögregluþjónn í Eyjum sagði í viðtali við blaðið í gær, en annað eins ástand mun að öllum lík- indum aldrei hafa verið fyrir í Eyjum síðan þær byggðust.

Eftir að síðustu bátarnir og flugvélin voru farin síðdegis í gær, taldi lögregluþjónninn að

engin væri nú eftir í eyinni, nema þeir sem brýn nauðsyn væri að heldu áfram stórum þar. Nefndi hann lögreglumenn, gæzlumenn með verksmíðjum, björgunarmenn, starfsmenn Flugfélags Íslands og fl. ásamt jarðfr. og fréttamönnum, sem væru að sinna sínum atvinnu- greinum.

Í gærmorgun voru nokkur brögð af því að fólk væri tregt til að yfirgefa eyjarnar í flýti. Lögregluþjónninn sagði að þar hafi sem betur fer verið um lít- inn hópa að ræða, og hafi lög- reglan gengið hart eftir að fólkíð færi til lands í dag, með góðum árangri.

Taldi hann líklegt að nú væru aðeins um 100 manns í eyinni, en þar var tæplega sexþúsund manna byggð í fyrradag. —

## Nábýlið við Surt sagði til sín

„Ég tel að reynsla okkar Vestmannaeyinga af Surtseyjar gosinu, hafi átt hvað stærstan þátt í hversu fólk var almennt rólegt og yfirvegað í morgun, er það var sem óðast að flýja ey- una.“ sagði Gunnar Halldórsson vélstjóri á Mb Halkion í gær, er fréttamaður blaðsins fór með bátum til Vestmannaeyja í gær.

Ef fólk hefði ekki verið vant amóta hamförum svo til við bæjardyrnar, sagði hann, er aldrei að vita hvernig hefði farið.

Halkion var einn þeirra Vest- mannaeyjabáta, er flutti fólk frá Vestmannaeyjum til Þorlákshafnar í gærmorgun, og komu um 260 farþegar með honum auk þess sem hann hafði annan bát í togi alla leiðina.

Skipstjórnir á Halkion, Stefán Framhald á bls. 4

Landhelgisbrjótar héldu sínu striki í gær þrátt fyrir þær hörmungar, sem dundu á Vest- mannaeyingum, og lyktaði víður- eign varðskips, við einn þeirra þannig, að klippi var á báða tog virana. Það var breztí togarinn Ross Alter H 279 sem klippi var á og var hann að veidum 10.5 sjómilur innan við 50 mílna mörkin á Glettinganesgrunni, þegar þetta gerðist.

Annar brezkur togari, Northern Sky, ætlaði að koma Ross Alter til hjálpar með því að setja neta- dræsu í skrúfu varðskipsins, en það kom fyrir ekki. Þeir Alter- menn ætluðu líka að klekkja á varðskipinu og höfðu sér til varnar kábal, sem dregur á eftir skipinu. Tilgangurinn var greini-

lega einnig að koma skrúfu varð skipsins í flækju, en það mistókst.

Þá sagði Hafsteinn Hafsteins- son, blaðafulltrúi Landhelgis- gæzlunnar, er Alþýðublaðið hafði samband við hann í gær, að drátt- arbáturinn Statesman væri kominn á miðin út af Austjörö- um, en hann vissi ekki til þess, að hann hefði verið barna nærstadd- ur.

Að minnstakosti eitt varðskip- anna var státt við Vestmanna- eyjar í gær, til taks, ef hjálpar Framhald á bls. 4

## LEIT HÆTT

Leit að bandarísku orustuflug- vélinni sem féll í Faxaflóa á manudagskvöld, hefur nú verið hætt. Tilkynnti varnarliðið bandaríska þetta í gær.

Flugvélin var að koma í aðflugi að Keflavíkurlugvelli er óhappið átti sér stað. Féll vélin í sjóinn. Eftir viðtæka leit fannst brak vél- arinnar og hjálmurflugmannsins, en hann er nú talinn af.

Ekki er ennþá ljóst hvað olli óhappinu.

## Úr blómlegri byggð í yfirgefinn bæ á hálfum sólarhring

Það var um að listast eins og í sannkölluðum draugabæ í Vest- mannaeyjum í gærdag, er fréttamaður blaðsins fór þar um, og þar umhverfið vissulega ekki þess merki að hafa verið blóm- legasta atvinnuþlass landsins fyrir ábeins sólarhring.

Götur, garðar og húspök voru svört af ösku, sem líkist einna helst þykku ryklagi vegna lang- ar fjarveru manna. Bærinn var

dimmur, og niðri við höfnina stöðu tugir, ef ekki hundruð yfir- gefinna bíla, að sjálfsgöngu að mestu huldri óskulagi.

Vart sást lífandi vera á ferli nema rétt niðri við höfnina, þar sem þó nokkrir af þeim bátum, sem fluttu fólk til Þorlákshafnar í gærmorgun, snéru aftur til Eyja til að sækja brýnustu nauðynjar fjölskyldna og vinfólks skip- verja. Framhald á bls. 4

## EINKASONUR ONASSIS LÁTINN

Alexandros Onassis, einkasonur gríska skipa- kóngsins Aristoteles Onassis, lézt síðdegis í gær af völdum meißla, sem hann hlaut í flugslysi á manudaginn.

Hann var ásamt tveimur öðrum í einka- flugvél, þegar óhappið varð, og voru þeir nýfarnir

á loft. Onassis yngri hlaut höfuðkúpbrot og fleiri alvarleg meißil, og talsmáður sjúkrahúsins þar sem hann var lagður inn sagði, að hann hefði aldrei komizt til meðvitundar.

Farþegarnir tveir slósbust einnig alvarlega.



## EYJAR Í GÆR

### 430 far þegar í einni ferð

Svo að segja stanzlaus runa báta var á leiðinni milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar í fyrrinótt og gær. Töldu Alþýðublaðsmenn yfir 20 báta og skip á þessum slóðum, er þeir flutu yfir í gætdag.

Fyrstu bátarnir sem fóru frá Eyjum voru flestir fullir af fólki, og má nefna sem dæmi að Gjafir VE tók í einni ferð 430 farþega. Var þar þröngt um marga, ekki síst fyrir þær sakir að frekar vont var í sjó, og margir urðu því sjóveikir. Í það heila herjafi sjóveikin mikil á Eyjafólki.

Þegar líða tók á daginn þynntist hópurinn sem fór með bátunum, en þess fleiri tóku sér far með flugvélum Flugfélags Íslands, enda flugveður þrýðilegt.

### Einn sigldi vélarlaus

Einn bátur flutti í gærmorgun Eyjafólki til Þorlákshafnar, jafnvel þótt vélvana væri. Var það Siglfríðingur, sem lá við bryggju í Vestmannaeyjum með bílaða vél. Samt var hann fylltur af fólki, og síðan tekin í tog.

Annar bátur sem var í flutningum hafði fyrr en nóttina verið í slipp. Eigandinn brá skjótt við, setti sjálfur bátinn niður, fyllti hann sjálfur öllu, og lagði síðan af stað.

### Hljóp beint í logana

Er jarðeldurinn í Eyjum braust út, trylltist hestur sem var geymdur í girðingu nálægt upptökunum. Skipti engum togum að hesturinn reif sig lausan úr girðingunni og tók á rás að eldinum. Hljóp hesturinn beint í logana, og var hann það illa leikinn að hann þurfti að aflifa.

### Dreifa sér á skólana

Fræðslufrivöld byggðanna við Faxaflóa hafa þegar tekið til

umræðu þann vanda sem skapast hefur vegna flutnings skólubarna frá Vestmannaeyjum í stórum stíl til fyrrnefndra byggðakjarna.

Fræðslufrivöld ákváðu í gær, að barna- og gagnfræðaskólarnemar frá Vestmannaeyjum, eigi að koma til viðtals á föstudaginn frá klukkan 13—18. Verður þetta nánar auglýst síðar. Þá eiga nemendur sérskóla í Vestmannaeyjum, svo sem iðnskólanum og stýrimannaskólanum, að hafa samband við sambærilega skóla í byggðunum við Faxaflóann.

Kennsla átti að hefjast samkvæmt stundarskrá í barnaskólum Reykjavíkur í morgun nema Melaskólanum. Þar fá nemendur fri í a.m.k. einn dag í viðbót.

### Dauður fiskur og rauð þota

Vart varð við dauða fiska á reki í Vestmannaeyjahöfn í gær. Ekki reyndist þó um að ræða dauðan fisk í stórum stíl, þegar Alþýðublaðsmenn voru þarna á ferð.

Þá urðu Alþýðublaðsmenn varir við erlenda smáþotu á flugi við Vestmannaeyjar í gær. Var hún send frá fréttastofu í Evrópu, þeirra erinda einna að mynda eldsumbrotin í Vestmannaeyjum. Var þota þessi rauð á lit, rétt eins og eldurinn.


### Mastur og viti fóru

Í gærkvöldi höfðu aðeins tvö mannvirki í Vestmannaeyjum orðið jarðeldunum að bráð. Var annað viti, svonefndur Urðaviti sem stóð ekki allfjarri Kirkjubæ, og stórt mastur sem stóð í nágrenni við vitann. Kirkjubæjarhúsin voru enn í mikilli hættu í gærkvöldi.

### Fikraði sig eftir eyjunni

Sjónarvottar að fyrstu hrinum gossins í Eyjum eru sammála um að gosið hafi fyrst komið upp neðarlega í svonefndu Kirkjubæjartúni. Fylgdust sjónarvottarnir síðan með því er jarðeldurinn fikraði sig þvert yfir eyjuna, um tveggja kíló metra leið, allt að Skarfatanga, og þaðan í sjó fram.

Þegar Alþýðublaðsmenn voru á ferðinni í Vestmannaeyjum síðdegis í gær, lagði eftir beltinu endilöngu, og ljóst var að ekki yrði framfar heyjað á Kirkjubæjartúni.



## NÓTT Í LJÓSUM LOGUM

Aldreí fyrr í sögu landsins hefur eldgos orðið svo nálægt þeirri byggð sem nú á Heimaey. Það er því talið góður vottur um ærúleysi og kjark Vestmannaeyinga hve vel allt björgunarskipti forst úr hendi og með hve mikilli rósemi þeir tóku því að vakna við það að sjá eldsúlurnar stíga til himins rétt eins og milli næstu húsa.

Mynd þessa tók fréttaritari okkar í Eyjum, Guðmundur Sigfússon, laust upp úr klukkan tvö, eða rétt eftir að vart varð við gosið. Eldtungurnar stóðu þá tugi metra upp í loftið — og voru allt annað en uppörvandi sjón.

## DÝRUNUM EKKI GLEÝMT

Vestmannaeyingar tóku með sér hunda sína og heimilisketti til lands í gær. Í Melaskólanum hittum við tíkina Molly og hundinn Lappa. Var ekki annað að sjá en að þau hefðu tekið því, sem að fótum bar, með sama ærúleysi og eigendurnir.

Molly er hvolpafull og falleg á svartan feldinn, en Lappi er stór og stæðlegur hundur.

Hilmar Foss fékk í gær hraðskreyti frá Íslandsvininum Mark Watson, þar sem hann lýsir innilegri samúð vegna atburðanna í Vestmannaeyjum og gleðst yfir giftusamlegri björgun fólks. Byðst Watson til að leggja fram fé til aðhlýnningar og flutnings dýra frá eyjunum, ef þörf gerist.

Var blaðinu ekki kunnugt um ráðagerðir Almannaavarna og eignaða búpenings í þessu tilliti í gær.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum í gær að bjóða bæjarstjórn Vestmannaeyja aðstoðu í Hafnarbúðum, ef bæjarstjórnin vill setja upp bæki-stöð eða skrifstofu í Reykjavík.

Jafnframt lýsti borgarráð yfir, að borgarfrivöld væru reidubúin til allrar þeirrar aðstoðar sem mögulegt væri að veita til að því fólki, sem nú dvelur í borginni, en varð að flylja heimili sín í Vestmannaeyjum vegna eldgossins þar, megi líða sem best.

Í ályktun borgarráðs segir m.a.: „Borgarráð Reykjavíkur sendir Bæjarstjórn Vestmannaeyja og Vestmannaeyingum öllum samúðarkveðjur vegna þeirra alvarlegu atburða, sem nú hafa gerzt í Vestmannaeyjum.

# LANDBÚNAÐUR Í EYJUM ER NÚ ENDANLEGA ÚR SÖGUNNI

Telja má vist að landbúnaður í Vestmannaeyjum heyrir nú fortíðinni til. Bústofni Kirkjubæjar, síðasta býli á Eyjum, var í gær slátrað í Hraðfrystistöðinni í Vestmannaeyjum. Kjöttið var síðan flutt sjóleiðis til Þorlákshafnar, en ákvörðunarstaður var Selfoss.

Landbúnaður hafði smám saman dregist saman í Vestmannaeyjum, og var svo komið að Kirkjubær var síðasta býlið. Var nær eingöngu um kúabú að ræða, en einnig voru nokkur hross á fótum á Kirkju-

bæ. Mjólkin frá Kirkjubæ nægði engan veginn þörfum Eyjaskeggja, og var mjólk því flutt sjóleiðis með Herjólfri.

Bóndinn á Kirkjubæ tók það til bragðs í gær að slátra öllum bústofni sínum. Vildi hann það frekar en flytja gripina á fæti til lands. Ekkert þýddi að hafa bústofninn áfram í Eyjum, því túnin þar eru stórskemmd vegna jarðeldanna. Má segja, að landbúnaður í Vestmannaeyjum sé nú liðinn undir lok.

„ÞAÐ SEM Á EINN ER LAGT ÞAÐ ER LAGT Á ALLA“

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, flutti ávarp í útvarpi á

hádegis í gær í tilefni af hinum miklu hamförum náttúrunnar í Vestmannaeyjum.

Forsetinn sagði m.a.: Þetta áfall er mikið fyrir Vestmannaeyinga og fyrir þjóðina alla og er þó enn hulið, hversu mikið það áfall kann að verða.

Eg vænti þess, að það sé þegar komið á daginn, að allar hendur séu útréttaðar til þess að bjarga því sem bjargað verður, það mun Vestmannaeyingum vera óhætt að treysta á.


Það þarf minna en þessi ósköp til að Íslendingar finni, að þessi fámenna þjóð er líkust stórrí

fjölskyldu, sem veit, að það sem á einn er lagt, það er lagt á alla“.

Í niðurlagi ávarps síns sagði forseti Íslands: „Eg lýk þessum ávarpsorðum með því að láta í ljós samhug með því fólki, sem nú hefur orðið að yfirgefa hús og heimili í mikilli skyndingu, og þá von og þæn, að sú stund komi áður en langt um líður, að aftur blómgiðst mannlíf í hinum öfgu og frægu eyjum, því að vist mun það ekki búa Vestmannaeyingum í hug að láta undan síga fyrir þeim aðsöpsmiklu nágrönnum, sem gert hafa þeim þungar búsfjarfjar nú um sinn“.



# UNGT FÓLK á öllum aldri



**RAUTT EÐA HVÍTT —  
12" SJÓNVARPSTÆKI**  
sem hentar hvar sem er.

**Í svefnherbergið, í bílinn,  
í bátinn og barnaherbergið**

**OG VERÐIÐ? AÐEINS KR. 19.230.-**



Umboðsmenn á ÍSLANDI  
EINAR FARESTVEIT  
& CO H.F.

Bergstaðastræti 10 A  
Sími 16995

# UM HÁDEGIÐ VORU ALLIR NEMA BJÖRG- UNAR OG VÍSINDA- MENN FARNIR

Um klukkan sjö í gærmorgun var talið, að buið væri að flytja um 4.000 manns frá Vestmannaeyjum á leiðis til lands með skipum og flugvélum.

Klukkan níu var talið, að vart væru nema 500-800 manns eftir í Heimaey. Um tíu leytið hélt bæjarstjórn Vestmannaeyja fund og var þar samþykkt, að stefna að því, að allir íbúarnir yrðu fluttir brott að undanteknum nokkrum mönnum, sem myndu áfram hafa eftirlit á hendi og fylgjast með þróun mála.

Fljótlega eftir hádegi, er blaðamenn Alþýðublaðsins komu með flugvél til Eyja, var talið, að ekki væri þar eftir nema 50-100 manns.

Um níu leytið, er gosið hafði staðið í sjö klukkustundir, fóru menn að óttast, að hraunstraumur kynni að nálgast höfnina, hún kynni jafnvel að lokast af og vatnsleiðslan milli lands og Eyja eyðileggjast. Þá var og talið mögulegt, að simasamband gæti rofnað.

Mikið gos var þá í næstu grennd við flugvöllinn og var reyndar tilkynnt allt frá því um sjö leytið, að völlum gæti lokast þá og þegar. Síðar dró nokkuð úr gosinu á þessum slóðum.

Ekkert hús var komið undir hraun, er þessi frétt var skrifuð. Hins vegar var gosið þá mjög kröftugt í órskotsfjarlægð frá Kirkjubæjnum. Veggir þeirra voru orðnir heitir og niður rigndi mikilli ösku.

Íbúar Kirkjubæjanna urðu að yfirgefa hús sín mjög skyndi lega. Forðuðu þeir sér út á náttflötum einum klæða og komu

þannig til skips, sem flutti þá á leiðis til Reykjavíkur.

Á blaðamannafundi, sem Almannaávarnaráð ríkisins efndi til milli klukkan 7 og 8 í gærmorgun, var skýrt frá aðgerðum til björgunar fólkinu í Vestmannaeyjum í fyrrið og gær. Aðalstöðvar Almannaávarnaráðsins eru í kjallara Lögreglustöðvarinnar í Reykjavík.

A fundinum kom fram, að kona ein í Eyjum varð fyrst til að vekja athygli á náttúruhamförum. Hringdi hún til síökkvildisins, þar sem hún hafði orðið vör við eldbjarna, og talið að kviknað hefði í einhverju nærliggjandi húsi. Var klukkan þá um tvö.

Strax og fregnir bárust um eldgosíð í Helgafelli, eða laust fyrir klukkan þrjú, var Almannaávarnaráð ríkisins kallað saman til fundar í stjórnstöðinni í Lögreglustöðinni í Reykjavík.

Þar var þegar hafist handa um að skipuleggja brottflutning fólks frá Vestmannaeyjum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun þar að lutandi og gripitil búnaðar Almannaávarnaráðs, sem nota á í neyðartilvikum.

Jafnframt var allt lögregluð í Reykjavík kvatt út og haft var samband við björgunarsveitir SVFI, skáta og flugbjörgunarsveitir til undirbúnings móttöku fólks frá Vestmannaeyjum.

Sveitir lögreglunnar frá Reykjavík voru sendar flugleiðis til Eyja til aðstoðar við

löggezlum þar.

Einnig voru gerðar ráðstafanir til aðstoðar við brottflutning fólks þáðan, en bátafloki Vestmannaeyja var að sjálfsögðu strax nýttur í þessum tilgangi. Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli sendi þyrlur til flutnings sjúklinga.

Ennfremur sendi Flugfélag Íslands flugvélar sínar til Vestmannaeyja og fjölmargar einkaflugvélar fóru þangað. Mestallt innanlandsflug F.I. lagðist niður í gær vegna flutninganna frá Eyjum.

Skipum Landhelgisgæzlunnar svo og nærtækum skipum Skipautgerðar ríkisins og Eimskipafélags Íslands var beint til Vestmannaeyja, einnig öðrum skipum og bátum á nálægum slóðum.

Gerðar voru ráðstafanir til að senda tiltækar áætlunarbifreiðir og stratisvagna úr Reykjavík og nægrenni til Þorlákshafnar til flutnings á fólki til Reykjavíkur þegar fyrstu bátarnir frá Eyjum komu til Þorlákshafnar á 9. tímanum í gærmorgun voru einir 37 stórir bíllar tiltækir þar til að aka hrökkum íbúum Vestmannaeyja, sem yfirgefið höfðu allt sitt í skyndi, en Raubi Kross Íslands annaðst skipulagningu á móttöku fólksins í Arbæjarskóla, Melaskóla, Styrjannaskóla, Hamrahlíðarskóla og Austurbæjarskóla.

Einnig voru lækna og annað aðstoðarfólk sent úr Reykjavík til Þorlákshafnar til aðhlýningar á fólki. —

## AUGLÝSING

frá menntamálaráðuneytinu

Vegna athugunar á kennslu fyrst um sinn fyrir nemendur barna- og gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum, er þess beiddt, að þeir láti skrá sig eftir dvalarstað föstudaginn 26. þ.m., kl. 13—18:

### Í Reykjavík

í fræðsluskrifstofunni, Tjarnargötu 12, sími 2-14-30,

### Í Kópavogi

í fræðsluskrifstofunni, Digranesvegi 10, sími 4-18-63,

### Í Hafnarfirði

í fræðsluskrifstofunni, Strandgötu 8—10, sími 5-34-44 og eftir kl. 17 5-32-50.

Annars staðar hafi nemendur samband við skólastjóra næsta skóla.  
Nemendur Styrjannaskólans, Velskólans, Íðnskólans og Tónlistarskólans í Vestmannaeyjum hafi samband við skólastjóra næsta hliðstæbs skóla.

**Menntamálaráðuneytið,  
23. janúar 1973.**

## TILKYNNING

Athygli innflytjenda skal hér með vakin á því, að samkvæmt auglýsingu viðskiptaráðuneytisins, dags. 5. jan. 1973, sem birtist í 4. töl. Lögbirtingablaðsins 1973, fer 1. úthlutun gjaldveysis- og/eða innflutningsleyfa árið 1973 fyrir þeim innflutningskvótum, sem taldir eru í auglýsingunni, fram í febrúar 1973. Umsóknir um þá úthlutun skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 1. febrúar 1973.

**Landsbanki Íslands Útvegsbanki Íslands**

### Blómleg byggð

2

Bátar þessir höfðu allir stutta víddvöl, enda höfðu skipverja vart meira með sér en sængurföt og einhvern fatnað. Aðrar eigur voru skildar eftir.

Ahafnir nokkurra báta gripu tækifærið og tóku veiðafæri um borð, líkt eins og ekki stæði til að koma til Eyja í bráðina. Verzlanir voru allar lokaðar og læstar, hvergi var hægt að komast í síma, og ekki hægt að komast leiðar sinnar nema fótgangandi. Þó mátti sjá einn og einn bíl á stangli, þá gjarnan hlaðinn fatnaði, á leið til hafnarinnar í flyti.

Undir drungalega kyrrð þessa fyrrum sexþúsund manna bæjar,

tóku svo drunur eldgigjanna í Helgafelli, og settu enn furðulegri blá á bæinn.

Um klukkan þrjú síðdegis, fór svo síðasta flugvél frá Vestmannaeyjum af þeim sem komið hafði þangað þann daginn. Um svipað leyti voru síbusta bátarnir einnig af tínað úr höfninni, og þar með síðasta fólkið, sem ekki þarf nauðsynlega að vera eftir til eftirlits- og björgunarsstarfa ef ástandið verðnar. —

### Góð boð

12

þyzka stjórinn vottar íslenzku þjóðinni samúð sína vegna hörmunganna í Vestmannaeyjum og býður fram aðstoð sína.

Sams konar tilkynning barst frá stjórnninni í Washington.

Þá hafði bandaríska varnarliðið á Keflavíkurflugvelli samband við utanríkisráðuneytið í gær og bauð fram frekari aðstoð sína, en eins og kunnugt er aðstoðaði varnarliðið almannaávarnaráð ríkisins mikið í fyrrið og gær við flutninga á fólki, m.a. á sjúklingum af sjúkráhusinu í Vestmannaeyjum, sem fluttir voru á Borgarsjúkrahúsið í Reykjavík.

Skeyti barst einnig í gær til utanríkisráðuneytisins frá jarðfræðideild UNESCO, menningar- og málaflokkunar Sameinuðu þjóðanna, þar sem hún býðst til að senda hingað til lands bæði tæki og vísindamenn vegna gossins í Heimaey.

Að síbustu er þess að geta, að ríkisspítalinn í Kaupmannahöfn tilkynnti utanríkisráðuneytinu, að hann væri reiðubúinn að senda hingað hjálparsvæitir, ef á þyrfti að halda. Þessi tilkynning barst, áður en séð varð, hvort manntjón kynni að hljóta af náttúruhamförum í Vestmannaeyjum. —

### Eldsúlur

12

mekki lagði þá þegar af sjónum. Þegar Alþýðublaðsmenn yfirgáfu Heimaey voru enn að koma þangað fréttaamenn og ljósmyndarar til þess að virða fyrir sér og mynda náttúruhamfarirnar, sem höfðu hrakið nær alla Vestmannaeyinga frá heimkynnum sínum. Og þegar Hjólflygelárinar losnuðu frá flugbrautinni komst ekki að önnur hugsun en sú, hvort heimkynni um 6000 manna sé að fara í eyði, eða þeir geti snúið aftur heim og hafið störf sín að nýju.



### Landhelgisbrjótar

2

Þess væri þörf. Ekki kvæðst Hafsteinn geta sagt um, hvort landhelgisbrjótarnir hefðu gerzt aðgangsharðari er þeir uppgötvuðu, að eitt varðskipanna var horfið af miðunum. Hinsvegar benti hann á, að fækkun varðskipanna hljóti að hafa það í för með sér, að Landhelgisgæzlan veit ekki eins gjörta, hvað gerist á miðunum, miðað við eðlilegar aðstæður.

### Nábylið

2

Stefánsson, sagði að hann hafi lengi fundið á sér einhverja ógæfu, en ekki getað gert sér grein fyrir hver hún yrði.

Étlaði hann í röður eftir miðnætti í fyrrið, en einhverja hluta vegna, sem hann gat ekki gert sér grein fyrir, frestaði hann röðrinum, sem varð til þess að hann gat farsælega flutt 260 Vestmannaeyinga til Þorlákshafnar. —



## HAMFARIRNAR

Um klukkan 2 s.l. nótt hófst eldgos í Heimaey, skammt frá kaupstaðnum í Vestmannaeyjum.

Sprungu kom í jarðskorpuna á eyinni austan-  
verðri og þegar þetta er skrifað er sprungan  
orðin u.þ.b. tveggja kílómetra löng og þar vellur  
hraun úr meira en 50 gígum, en eldsúlurnar  
teygja sig til himins. Ögnþrungin sjón og skelfi-  
leg hefur því mætt augum Vestmannaeyinga,  
þegar þeir kvöddu heimkynni sín í nótt á flóttu  
undan eldsumbrotunum.

Það gengur kraftaverki næst, að á aðeins tæp-  
um fimm klukkutímum skyldi vera hægt að  
forða nær öllum íbúum kaupstaðarins upp á  
land í öruggt skjól. Í áætlun, sem gerð hafði verið  
um brottflutning fólks frá Vestmannaeyjum  
undir svipuðum kringumstæðum, var talið, að  
ekki væri hægt að rýma kaupstaðinn á öllu  
skemmri tíma en 15 stundum. Það tókst hins  
vegar á aðeins þriðjungi hins áætlaða tíma. Til-  
tölulega hagstætt veðurfar á þar áreiðanlega  
sinn hlut að máli, en án efa eiga þó björgunar-  
sveitirnar og skipuleggjendur björgunarstarfs-  
ins þar mestan heiðurinn af. Þar er um að ræða  
afreksverk og er björgun fólksins frá Vest-  
mannaeyjum mikill sigur fyrir Almannavarn-  
irnar og aðra þá aðila, sem með stjórn einstakra  
þátta starfsins fóru. Að ógleymdum hlut Vest-  
mannaeyinga sjálfra, sem sýndu mikla stillingu  
og rólyndi þrátt fyrir ógnvekjandi aðstæður.

Öll þjóðin hefur fylgst mjög náð með atburð-  
unum í Eyjum og hugurinn hefur fyrst og fremst  
snúizt um mannlíf, sem í hættu voru. Allir Is-  
lendingar fögnuðu þegar fréttist, að ekkert  
manntjón hefði orðið í hamförunum. Mannlíf  
skipta mestu máli og til allrar hamingju björg-  
uðust allir heilir á lífi og limum.

En eignatjónið hefur sjálfsgagt nú þegar orðið  
töluvert og geysimikil verðmæti eru í hættu ef  
gosið stendur eitthvað lengur. Alþýðublaðið  
hvetur landsmenn alla til þess að styðja og  
styrkja Vestmannaeyinga einnig að því leytnu  
til þvi fólkið, sem neyddist til þess að flýja heim-  
ili sín, varð að skilja eftir bróðurpartinn af af-  
rakstri starfa sinna um ár og áratugi. Þessi  
verðmæti fólksins eru nú í hættu og svo mikið fé  
hafa Vestmannaeyingar lagt þjóðarþúinu til  
með einum eða öðrum hætti, að þeir eiga marg-  
faldlega skilið að eftir þeim sé munað, þegar  
jafn stórkostleg áföll dynja yfir þá og orðin eru  
eða hætt er við að verði.

Ísland er eldfjallaland. Í iðrum þess er falin  
gríðarmikil orka, sem við bindum miklar vonir  
við að eigi eftir að færa þjóðinni ríkulegan feng á  
komandi árum. En þessi orka er óhamin og  
hana er ekki hægt að hemja. Stundum á hún það  
til að sýna okkur hina hliðina á sér, — þann  
svip, sem engin tækni fær tamið og margt fólk á  
jarðriki óttast meira en flest annað. Þá rifjast  
það upp fyrir okkur, að Ísland er land, sem þarf  
dug og kjark til þess að byggja, áráði og djörf-  
ung til þess að nýta. Þessir kostir hafa ávallt  
þótt einkenna Vestmannaeyinga í störfum  
þeirra við að nýta gæði landsins til hags og  
heilla fyrir þjóðina. Þeir sömu kostir prýddu  
Vestmannaeyinga einnig þegar landið snerist  
gegn þeim.

# HVER Á AÐ BIÐJAST AFSÖKUNAR?

HANNES PÁLSSON  
SVARAR ALÞÝÐUBLAÐINU

Athugasemdir við skrif Alþýðu-  
blaðsins um Guðmund í. Guð-  
mundsson

Ég biðst ekki afsökunar á neinu  
þvi, sem ég hefi sagt í blaðavið-  
tali um viðbrögð Guðmundar í.  
Guðmundssonar ambassadors  
við beiðni sendinefndar Íslands  
hjá S.P. um aðstoð í landhelgis-  
málinu á síðasta Allsherjarþingi,  
— get því ekki orðið við áskorun  
Alþýðublaðsins þar að lutandi. Í  
staðinn legg ég hér með sönnun-  
argögnin á borðið. Mega svo les-  
endur dæma um það hverjir séu  
„rógberar og lygarar“, og hversu  
ómerkileg „kjaftasagan“ se —  
svo notaðar séu einkunnirnar,  
sem gefnar voru í ritstjórnar-  
grein Alþýðublaðsins sl. laugar  
dag.

Tilfellið er viðtal sem dagbl.  
Timinn átti við mig hinn 13. þ.m.  
um störf 27. Allsherjarþings Sam-  
einuðu þjóðanna. Þar er víkið að  
Guðmundi í. Guðmundssyni am-  
bassabor á einum stað, þegar  
sagt er frá því er Haraldur  
Kroyer sendiherra bringdi til hans  
í samráði við aðra fulltrúa í  
sendinefndinni, þegar menn óttu-  
ðust að Rússar og Bandaríkja-  
menn ætluðu að sameinast um  
breytingartillögu við landhelgis-  
tillöguna frágu, sem við þóttumst  
þurfa öllu til að kosta að fengist  
samþykkt.

Málgreinin sem Guðmund  
varðar er þannig:

„Var talið eðlilegt að byrja á  
því að hafa samband við sendi-  
herra okkar í Washington, Guð-  
mund í. Guðmundsson, og biðja  
hann að beita áhrifum sínum til  
að reyna að koma í veg fyrir, — í  
viðræðum við fulltrúa ríkisstjórn-  
ar Bandaríkjanna í Washington,  
að Bandaríkin héldu áfram up-  
pteknum hætti í málinu.“

Guðmundur í. Guðmundsson  
svaraði því til, að hann væri því  
miður upptekinn og gæti ekki  
sinnt þessu máli. Hann þyrfti að  
fara í jarðarför og síðan ætlaði  
hann í heimsókn til einhvers  
konsúls í Texas. Hann mátti ekki  
vera að því að veita okkur lið í  
þessu máli...“

Raunar má segja að frásögnin  
sé staðfest efnislega í Alþýðu-  
blaðsfréttinni 19. þ.m. en þar er  
endursagt viðtal blaðsins við  
Harald Kroyer ambassador. — Í  
því viðtali túlkar blaðamaður  
Alþýðublaðsins fyrrnefndar annir  
Guðmundar í. Guðmundssonar á  
þá lund að hann hafi neitað að  
verða við tilmælum sendi-  
nefndarinnar. Blaðamaðurinn  
spurði sem sagt Harald Kroyer  
hvort Guðmundur í. Guðmund-  
sson hefði neitað að sinna störfum  
varðandi tillögu þessa, og svaraði  
Kroyer þá vitaskuld að það væri  
ekki rétt. Ut frá þessarar niðurst-  
túlkunar sinnar spinnur blaða-  
maðurinn síðan ásakanir sínar í  
minn garð um „hrakalega og til-  
hæfulegsa árás á mætan fulltrúa

Íslands og um ein ósannindi“, —  
og ritstjóri blaðsins smíðar síðan  
leiðara úr sömu forsendum og  
kallar „rógberferð gegn utan-  
ríkisþjónustunni“.

Til þess að enginn þurfi nú að  
efast um að ég segi satt í fyrr-  
nefndu viðtali fylgir hér á eftir  
vitnisburður samstarfsmanna  
minna í sendinefndinni, þeirra  
Ellerts Schram, Jónasar Arnar-  
sonar, og embættismannanna  
Gunnars G. Schram fasta fulltrúa  
hjá S.P. Ivars Guðmundssonar  
ræðismanns og Haraldar Kroyer  
ambassadors; sem allir voru við-  
staddir þegar umrætt samtal fór  
fram:

Frá Ellert Schram og Jónasi  
Arnasyni:

Að gefnu tilfelli skal það hér  
með staðfest, að eftirfarandi um-  
mæli, sem höfð voru eftir Hannesi  
Pálssyni, í viðtali við Timann 13.  
jan. sl. eru í samræmi við þær  
upplýsingar, sem fram komu á  
fundi Íslensku sendinefndarinnar  
hjá S.P. að loknu samtali Harald-  
ar Kroyer sendiherra við Guð-  
mund í. Guðmundsson sendi-  
herra í Washington.

Ummælin sem við er átt eru  
þessi:

Guðmundur í. Guðmundsson  
svaraði því til að hann væri því

miður upptekinn, og gæti ekki  
sinnt þessu máli. Hann þyrfti að  
vera í jarðarför og síðan ætlaði  
hann í heimsókn til einhvers  
konsúls í Texas. Hann mátti því  
ekki vera að því að veita okkur lið  
í þessu máli.

Þetta staðfestist hér með.  
Reykjavík, 20. jan. 1973

Ellert B. Schram,  
Jónas Arnason.

Frá Gunnari G. Schram og  
Ivari Guðmundssyni:  
Vegna fyrirspurnar skal stað  
fest að sendinefndinni hjá S.P.  
bárust þau svör frá sendiráðinu í  
Washington, um tilmælum um að-  
gjörðir vegna auðindatillögu Ís-  
lands, sem greint er frá í viðtali  
við Hannes Pálsson í Timann 13.  
janúar sl.

New York 19. jan. 1973  
Gunnar G. Schram  
Ivar Guðmundsson.

(Ljósrit af keyti)

Frá Harald Kroyer  
ambassador  
til Hannesar Pálssonar:  
Í samtali við mig, 17. janúar,  
spurði fréttamaður Alþýðublaðs-  
Framhald á bls. 10

## FLOKKSSTARFIÐ

### KONUR HAFNARFIRÐI

Kvenfélag Alþýðuflokksins í Hafnarfirði  
heldur fund í kvöld 24. janúar, kl. 8,30 e.h.  
í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði.

Fundarefni:

1. Kjartan Jóhannsson ræðir bæjarmálin.
2. Rósa Jónasdóttir, snyrtisérfræðingur,  
annast snyrtisýningu og fræðslu.
3. Upplæstur, myndasýning og kaffidrykkja.

Stjórinn

## FULLTRÚARÁÐ REYKJAVÍK

Fundur verður haldinn í Fulltrúaráði Al-  
þýðuflokksfélaganna í Reykjavík n.k. fimmtu-  
dag, 25. janúar, í Ingólfscafé og hefst fundurinn  
kl. 20,30. Fundarefni:

1. Lagabreytingar.
2. Hvert stefnir stjórinn? Benedikt Gröndal,  
varaformaður Alþýðuflokksins, hefur  
framsögu.

STJÓRNIN

## ALÞÝÐUFLOKKSFÉLAG REYKJAVÍKUR AUGLÝSIR

# VIÐTALSTÍMAR

## ÞINGMANNA OG BORGARFULLTRÚA ALÞÝÐUFLOKKSINS

Stjórn Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur hefur ákveðið að gang-  
ast fyrir því, að Reykvikungum gefist tækifæri á að hitta að máli  
þingmenn Alþýðuflokksins úr Reykjavík og borgarfulltrúa. Í  
þeim tilgangi mun stjórinn auglýsa viðtalstíma regulega hvorn  
fimmtudag á tímabilinu frá kl. 5 til 7 e.h., þar sem hinir kjörnu  
fulltrúar Reykvikinga úr Alþýðuflokkinum skiptast á um að vera  
til viðtals. Viðtalstímarnir verða haldnir á skrifstofu Alþýðu-  
flokksins, Hverfisgötu 8—10.

Fimmtudaginn 25. janúar n.k. verður það Gylfi Þ. Gíslason,  
alþm. og formaður Alþýðuflokksins, sem verður til viðtals á  
flokkskrifstofunum. Viðtalstíminn er frá kl. 5—7 e.h. og vilji fólk  
frekar nota símann en koma sjálft, þá er símanúmerið 1-50-20.

Alþýðuflokksfélag Reykjavíkur



Gylfi Þ.  
Gíslason





Lilja Finnbogadóttir, komin á fæðingadeildina



Erna Jóhannesdóttir og Egill Egilsson




Astríður Guðmundsdóttir, símastúlka

## HÓTEL MELASKÓLI


Herdís M. Júlíusdóttir, hjúkrunarkona



Einar Kjartansson, verkstjóri í Völundi



Kristín Tómasdóttir, yfirljósmóðir



Jón Asgeirsson á Gjafari



# Fæðingarnar tóku fjörkipp við flóttann úr Eyjum

„Þessi hópur er nú vonandi að stækka”, sagði Gísli Stefánsson, sjómáður, 39 ára, er við hittum hann í anddyri Fæðingardeildar Landsspítalans með myndarlegan barnahóp á aldrinum 6 til 15 ára.

„Konan mín, Viktoría Karlsdóttir, veiktist á leiðinni til

lands og var lögð hér inn, enda átti hún von á sér. Við vonum að allt gangi vel. Hún er hér í góðum höndum, þó að þetta verði örþrúvis en við höfum gert ráð fyrir”. Við tókum undir þetta með Gísla og óskum þeim hjónum til hamingju með sjötta barnið.

Barna hittum við einnig Guðrúnu Þorsteinsdóttur, en dóttir hennar, Lilja Finnþoga-dóttir, 20 ára, veiktist líka á leið til lands, en elur senn manni sínum, Gunnari Sveinbjörns-syni, fyrsta barn þeirra hjóna.

Yfirljósmóðirin, Kristín

Tómasdóttir, skýrði okkur frá því, að fjórar barnshafandi konur frá Vestmannaeyjum, hefu verið lagðar inn á deildina í morgun. Taldi hún líklegt, að fyrsti Vestmannaeyingurinn eftir að eldgosti hófst, líti dags-ins ljós í dag.

## Vonast til að komast sem fyrst heim aftur

„Maður vonast bara til að komast sem fyrst heim aftur”, sagði Einar Kjartansson, 46 ára, þar sem hann sat með 8 mánaða, fallegan Eyjapeyja, í fanginu á afa, vestur í Melaskóla. Með Einari voru kona hans og tvö börn þeirra.

Einar, sem annars er verkstjóri í Vélsmíðjunni Völundi, er í slökkviliðinu í Eyjum, og var því einn þeirra, sem fyrst var ljóst hvaða ósköp voru að gerast. „Við sáum strax, að þetta verk-efni var okkur ofviba, og geng-um í að vekja upp fólk”, sagði Einar, „og satt að segja var það undravert, hvað fólk var rólegt og óttalaust”, og sjálfur ber þessi hraustlegi maður æbru-leysið með sér.

„Við komum með m/b Gjafari, sem lagði frá Eyjum rétt fyrir kl. 4 í nótt, og gekk ferðin vel, þó að talsvert væri um sjó-veiki. Upp úr bátinum var talið 430 manns, enda var fólk í hverju skoti, jafnt í lestum sem annars staðar. Skipstjóri á Gjafari er Hilmar Rósmunds-son. Var óneitanlega óhugnan-legt og stórbrotið að sigla í eld-kraumandi sjónum út úr höfn-inni”.

Einar kvæðst ennþá naumast hafa leitt hugann að því tjóni, sem þessar hamfarir kynnu að valda einstaklingum. Kvæðst hann hafa heyrt, að talsvert hafi verið um að menn hafi tryggt eignir sínar, þegar Surtseyjar gosið varð, en bjóst ekki við því, að þeim hefði verið haldið við. Fyrst og fremst hlýti mönnum þó að verða hugsað til þess, hvi-

líkur skaði allri þjóðinni væri að því, ef vertíðin færi forgörðum í Vestmannaeyjum. Lauk Einar lofsorði á framkomu fólks og skipulag allrar aðstoðar, og í því sambandi væri ástæða til að geta skjótra viðbragða varnar-líðsins með þylur sínar, sem hefðu komið að góðum notum.

### Ingi orðinn hóteltjóri

Skjött skipast veður í lofti. A einum til tveimur klukkustund-um í fyrrinótt breyttist hlutverk Melaskólans frá því að vera barnaskóli í það að vera „hótel” eða í það minnsta áningastaður fyrir flóttafólkið frá Vest-mannaeyjum.

Snemma í gærmorgun, þegar Alþýðublaðsmenn litu þar við var anddyri skólahússins fullt af fólki á öllum aldri. Mæður með börn sín í fanginu, fjölskyldu-feður á þönum og ráðvilltir ung-lingar, sem sumir höfðu yfirgef-ði heimili sín í svo miklum flyti, að þeir voru umvafðir teppum frá Rauða Krossinum til þess að halda á sér hita.

A stigapalli í anddyrinu hitt um við fyrir Inga Kristínsson, skólastjóra, sem stjórnaði mót-töku flóttafólksins.

Hvener komst þú hingað í skólann í nótt, Ingi?

Það var um fjögur leytið, en hins vegar kom fyrsti hópurinn ekki fyrr en um sjö leytið. Núna held ég, að í skólann sé komnir um 200 manns. Þetta hefur gengið ótrúlega vel. Fólkið er yfirleitt mjög rólegt”.

Það má kannski segja, að þú sért öllu heldur hóteltjóri en skólastjóri þessa stundina?

„Já, kannski”, sagði Ingi og brosti.

### Fegurðardrottin-ingin bangin

Inni á stofu 12 í Melaskólanum hittum við fyrir ung hjón frá Eyjum, þau Ernu Jóhannes-dóttur og Egil Egilsson ásamt eins árs barni þeirra hjóna.

Erna varð fyrir fjórum árum fegurðardrottning Islands og við snúum máli okkar til henn-  
ar.

Hvernig varð þér við, þegar þú fékkst að vita hvað var að gerast í Vestmannaeyjum?

„Það var ekki laust við, að ég yrði svolltið hrædd. Annars er ó-mögulegt að lýsa þessari tilfinn-ingu”.

Erna vildi auðhæfrylega, sem minnst um þetta tala, en þau hjónin urðu að skilja allt sitt eft-ir í Eyjum og nú bíður þeirra ekkert annað en óvissan.

### Hjúkrunarfólk á „hótelinu”

Auk sjálfbodaliða frá skátum og Rauða Krossinum, sem unnu við hjálparstarfið í fyrrinótt og í gær var fjöldi hjúkrunarfólks til reidu í þeim skólum borgarinn-  
ar, sem hýstu flóttafólkið frá Vestmannaeyjum.

Í Melaskólanum hittum við fyrir tvær ungar hjúkrunarkon-ur þegar nokkuð var liðið á morguninn og var aubséð, að

mestu annirnar voru líðnar hjá. Við tókum aðra þeirra, Her-dísi M. Júlíusdóttur, tali, og spurðum hvort hún hefði haft mikið að gera eftir að fólkið tók að streyma inn í skólann.

„Nei, það hefur ekki reynt mikið að okkur, sagði hún. „Það er mikið af börnunum hérna og við höfum aðallega haft þann starfa að aðstoða mæður, haldið á börnunum og þvíumlíkt”.

Herdis vildi lítið gera úr hlut þeirra hjúkrunarkvennanna en öllum er það sjálfsgöbu ljóst hversu mikið öryggi fylgir ná-lægð þeirra við þessar kringum-stæður.

### Borgarþúarnir öllu skelkaðri

Melaskólinn var snemma í gærmorgun undirlagður af alls-lausum og vegalausum Vest-mannaeyingum, en ekkert virt-ist skorta á, að þeir fengju nauð-synlega aðhlyningu og hjálp.

Barna voru sjálfbodaliðar frá Rauða Krossinum, skátum og fleirum auk þess, sem margir kennarar og starfsmenn skólans voru á þönum við að sinna flóttafólkinu frá Eyjum.

Astríður Guðmundsdóttir (sjá mynd), símastúlka skólans var ein af þeim fyrstu, sem komu til starfa þar eldsnemma í morgun eða nánast um miðja nótt.

„Ég var ræst um kl. 4 í nótt og kom strax hingað í skólann til að undirbúa komu Vestmannaey-inganna”, sagði hún.


„Hvort fólkið hafi verið skelk-  
að? Það var nú ekki að merkja það, en Reykvikvingur, sem starf-  
að hefur í Vestmannaeyjum undanfarið sagði við mig, að hann ætti nú sennilega eftir að fara að gráta, þegar hann væri kominn heim til sín hér í borg-  
inni”.

„Þetta er kannski orðum auk-  
ið, sagði Astríður, „en ég held, að fólk sé ekki almennilega far-  
ið að átta sig á því, sem hefur gerzt”.


Samtalið varð ekki lengra, því nú purfti hún að bera brauð í þá 200 Vestmannaeyinga, sem voru þessa stundina í skólann.

### Lán að bátarnir voru í höfn


Jón Asgeirsson, sjómáður á Gjafari, 34 ára, var einn þeirra, sem við hittum í Melaskólanum. Kvæð hann ferðina með Gjafari til lands hafa gengið vel, en með honum kom fleira fólk en nokkr-um öðrum bát, eða 430 manns. Er Gjafar 260 lesta bátur og skipstjóri á honum Hilmar Rós-mundsson. Kvæð Jón það mikið lán, að allir bátar hefðu verið í höfn, þegar ósköpin dundu yfir. Jón sagði að minnsta kosti tveir stórir bátar í Vestmannaeyja-höfn, Hrönn og Siglífirbingur, hefðu verið velarvana vegna við-gerða og hefðu þeir verið dregn-ir út. Minni báta hefði orðið að skilja eftir, en að þeim yrði hug-  
að, ef aðstæður leyfðu, þegar fólksflutningum væri lokið.



sdóttir, fyrrum Ungfrú Ísland, son



munds- Ingi Kristinnsson, „hóteltjóri”.



Gísli Stefánsson: „Fjölskyldan fer stækkandi”.



alþýðu  
blaðið



KÓPAVOGS APÓTEK  
Opíð öll kvöld til kl. 7  
Laugardaga til kl. 2  
Sunnudaga milli kl. 1 og 3



25050  
SENDIBILASTÖÐIN HF

# FRIDUR Í VIETNAM

## HAFT EFTIR ZIEGLER

Haft var eftir Ronald Ziegler, blaðafulltrúa Nixons Bandaríkjaforseta, að klukkan þrjú í nótt að íslenskum tíma ætlaði forsetinn að koma fram í sjónvarpi og skýra þjóðinni frá síðustu fréttum af gangi friðarviðræðnanna við Norður-Vietnam. Ziegler neitaði því ekki, að forsetinn hygðist tilkynna, að samningar um frið í Vietnam hefðu tekizt.

Aður en Nixon heldur þessa ræðu heldur hann fund með stjórn sinni, og síðan með þingmönnum beggja flokkanna.

## GÓÐ BOÐ

Margir erlendir aðilar hafa sent Íslendingum samúðarkveðjur vegna hinn óskaplegu náttúruhamfara í Vestmannaeyjum. Ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Vestur-Þýskalands hafa enn fremur boðizt til að veita íslenskum stjórnvöldum aðstoð, sem að gagni mætti koma til ausnar þeim vandamálum, er að stöðja, vegna eldgossins í stærstu og mikilvægustu verstöð landsins.

Ingví S. Ingvarsson, skrifstofu stjóri utanríkisráðuneytisins, tjáði blaðinu í gærkvöldi, að forstöðumenn ýmissa erlendra sendiráða í Reykjavík hafi í gær látið ljós samúðarkveðjur vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum.

Formleg tilkynning barst í gær sendiráði Íslands í Bonn, þar sem Framhald á bls. 4

## HÓPURINN STÆKKAR

Í opnu segjum við frá því, að fjórar konur frá Vestmannaeyjum hafi verið lagðar inn á Fæðingardeild Landsspítalans.

Klukkan 12.30 í dag ól ein þeirra, Guðný Linda Antonsdóttir manni sínum Bjarna Valtýssyni, bráðmyndarlegt stúlkubarn, sem vóg 12 1/2 mörk og mældist 49 sentimetrar.

Guðný Linda kom á Fæðingardeildina um kl. 6 í gærmorgun, og heilsast mægðunum þrýðilega.

Við óskum foreldrunum hjartanlega til hamingju, og bjóðum bæði þau og barnið velkomin til Reykjavíkur.

OPNA

## Eldsúlurnar virtust inn á milli húsanna

„Eg fór úr húsinu mínu, þegar rúðurnar voru orðnar sjóðandi heitar, og hraunið ekki nema um fjórutu metra frá því“, sagði Vestmannaeyingur, sem Alþýðublásmenn hittu að máli á flugvellinum á Heimaey um hádegisbilið í gær. Hann var meðal þeirra síðustu til að fara út á flugvöll með fjölskyldu sína og þann farangur, sem hann komst með, og beið eftir flugfari. Um þetta leyti voru ekki eftir í Eyjunum nema um fimmtu manns, mest lögregluþjónar, slökkviliðsmenn og björgunarlíðar, en einnig menn, sem hugðust gæta mannvirkja í kaupstaðnum meðan þess væri nokkur kostur. Ekki var örvæntingarsvip að sjá á nokkrum eyjarskeggja, þótt steinsnar frá heimkynnum þeirra væru komnir eldsþandi gígar —

þvert á móti voru þeir hressir að sjá, en rólegir.

Þegar flögð var inn yfir Vestmannaeyjakaupstað úr austri blöstu eldsúlurnar við, frá sjónum fyrir austan hann, þar til þær hurfu á bak við Helgafell, og virtist við fyrstu sýn sem þær væru nánast inn á milli húsanna.

Suðvesturendi gígaradarinnar er ekki nema um tíu til fimmtán mínútna gang frá flugvellinum, en þar hafa hlaðizt upp háir gjallhólar, þar sem nær slétt land var áður, og allt gróid land í nágrenninu þakizt gjalli svo hvergi sást stingandi strá.


Kaupstaðurinn sjálfur tómur og eyðilegur, einstaka bíll á ferli, og fyrir utan nokkur hús voru menn að bera farangur í bíla sína til þess síðan að yfir-

gefa staðinn.

Sýðst í kaupstaðnum er eldgosid óhugnanlegast að sjá, en spólkorn frá húsnum þeyttist einmyrjan upp í loftið með hvíssi og drynjandi sprengingum, og hitinn orðinn nánast óbærilegur. Fáeinir Vestmannaeyingar voru þar staddir til að horfa í síðasta sinn á náttúruhamfarir þær, sem hrakti þá að heiman, en héldu síðan þögulir burt.

Í fylgd með blaðamönnum voru tveir jarðfræðingar, sem voru að því spurðir, hvaða líkur þeir teldu á því, að sprungan lengdist það mikið út í sjó, að höfnin lokaðist. Þeir sögðu, að ekki væri hægt að þvertaka fyrir, að slíkt gerðist, og bentu á, að sprungan næði þegar talsvert í sjó fram sem raunar leyndi sér ekki því mikla gufu-

Framhald á bls. 4



# BÍLAR AÐ VERÐMÆTI 240 MILLJÓNIR KRÓNA LIGGJA UNDIR SKEMMDUM

Nálægt 800 bílar, eða allir bílar Vestmannaeyinga, liggja nú meira og minna undir skemmdum

um vegna óskufallsins, sem varð í Eyjum í fyrrinótt. Það vill þannig til, að óskugjallið hefur mjög óþeppileg áhrif á lakk.

Það er ekki nóg með að hætt sé við rispum, er gjallið er hreinsað af, heldur virðist sem það tæri á einhvern hátt lakkid, samkvæmt þeirri reynslu, er fékkst á bilum, sem lentu í óskufalli frá síðasta Heklugosi.

Þeir bílar voru þó hreinsaðir fljótlega, en óvist er hvenær Vestmannaeyingar geta hreinsað ófögnuðinn af bilum sínum. Skemmdist lakkid það mikið að sprauta þurfi upp á nytt, kostar það tugi þúsunda á hvern bíl, og þar með milljónaupphæð á allan bílafloða Vestmannaeyinga.

Nær allir bílarnir standa nú úti, þrátt fyrir að talsvert sé um bilskúra í Vestmannaeyjum. Astæðan er sú að eyjarskeggjar fóru flestir á bilum sínum niður á höfn í gærmorgun, og skildu þá þar eftir.

Maður nokkur í Vestmannaeyjum, sem blaðið átti tal af í gær, stakk uppá að bílarnir

yrðu í skyndi fluttir til lands.

Ekki taldi hann sízt ástæðu til þessa með hliðsjón af því að bílarnir kynnu að liggja undir skemmdum.

Sé miðað við að hver bíll sé að verðmæti um 300000 krónum, sem ekki þarf að vera fráleit

ágizkun, þar sem yfirleitt virðist vera mikið um nýlega bíla og í hærri verðflokkum í Eyjum, þá er heildarverðmæti þeirra bíla, sem nú liggja undir skemmdum, hvorki meira né minna en 240 milljónir króna.



## ELDFLÓÐIÐ NÁLG- AST KIRKJUBÆINA

Klukkan hálf tólf: gosið svipað og fyrr í dag — gígarnir norðaustan í sprungunni enn mjög virkir — breytingar þó örar — menn ugðandi um að hraunstraumurinn taki stefnu á bæinn — nálgast ískyggilega Kirkjubæina — flestir bátar hafa yfirgefið Vestmannaeyjar —

fátt fólk eftir í Heimaey — þeir sem eftir voru unnu að því að bjarga bílum og eignum úr yfirgefnum húsum — Hekla á leiðinni til Eyja að sækja bíla — Hofsjökull lagði af stað klukkan átta til að sækja frosinn fisk — gott veður var, breytileg átt og því sem næst logn.